

Fundargerð 87. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.
Dagsetning: föstudagur 16. apríl klukkan 12:00 á Teams.

Viðstaddir á Teams:

Björg Ágústsdóttir (formaður), Helga Guðmundsdóttir, Sigurborg Kr. Hannesdóttir ráðgjafi, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari, Erna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Ragnheiður Arnardóttir áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar

Fundargerð samþykkt samhljóða og verður sett á netið.

2. Vinna við stefnumótun í FSN.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir, ráðgjafi ræddi við fundarmenn vegna hugsanlegrar vinnu við stefnumótun FSN. Sigurborg hefur farið yfir skýrslu ytri úttektar þar sem fram kemur að í skólanum er unnið mjög gott starf. Sigurborg óskaði FSN og skólanefnd til hamingju með úttektina.

Helstu punktar vegna fyrirhugaðrar vinnu við stefnumótun:

- FSN þarf að greina hvað er vel gert
- Betri tengingar við samfélagið
- Verða betri
- Allir að ganga í sömu átt
- Meira sjálfsöryggi
- Skarpari sýn á FSN (skarpari hugsun)
- Hvernig við tölum um FSN
- Stefnan verður að vera skýr


Hverju viljum við að stefnumótunarvinna skili?

Við vitum öll hvert við erum að fara og að meginstarf okkar er að mennta og útskrifa nemendur en hvernig ætlum við að gera það og af hverju FSN en ekki aðrir?

Það er mjög góður tími til þess að endurskoða stefnuna eftir þær miklu breytingar sem við höfum verið að upplifa undanfarið ár, nokkurs konar eftir covid áhrif.

Framsækinn framhaldsskóli eru jafnvel einkunnarorðin okkar en það þarf að skerpa á megingildum og helstu sýn.

Gildin halda okkur á réttri leið en leyfa okkur um leið að vera ólík.



Starfsfólk FSN gegnir lykilhlutverki.

Næstu skref eru með starfsfólkinu, opinn fundur eða sögustund. Hvenær í okkar störfum upplifðum við þá stund að geta sagt, já þetta er FSN? Vonandi í vor. Samtalið þarf að vera lifandi og geta 15 mínútur á viku vel dugað.

- Í hverju erum við góð?
- Safna sögum um það sem er að virka.
- Formerkin við vinnuna þurfa að vera jákvæð.
- Hvað þýðir það að vera framsækinn framhaldsskóli?
- Gildi?
- Einkunnarorð?
- Framtíðarsýn?
- Hvað þurfum við að gera öðruvísi?
- Hvernig er þetta lifandi plagg? Byrja hvern fund á einkunnarorðum, gildum, framtíðarsýn?

Sigurborg Kr. Hannesdóttir mun vinna áætlun í samstarfi við FSN og senda á skólameistara í næstu viku. Starfsfólk verður upplýst um ferlið um leið og færi gefst.

Fundið slitið klukkan 13:00